



329. fundur Afrekssjóðs ÍSí

31. janúar 2025 kl. 17.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð,

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf

Umræður fóru fram um hvert verkefni Afrekssjóðs væri. Framkvæmdastjórn hefði falið Afrekssjóði að koma með tillögum að úthlutun sem þó væru ekki að byggja á úthlutunarreglum Afrekssjóðs. Farið var yfir minnisblað sem kynnt var af framkvæmdastjóra á síðasta fundi Afrekssjóðs.

Farið var yfir forsendur og útreikninga í tillögum vinnuhópsins. KSR kynnti þær vangaveltur sem komið hefðu upp í vinnu hópsins og hvaða forsendur hópurinn hefði hugleitt og ákveðið.

Verið væri að vinna með um 120mkr. í grunnstyrk í landsliðspátttöku og um 180mkr. í styrk vegna stórmótapátttöku.

Umræður fór fram um hvort forsendurnar væru réttar og hverjar væru úthlutanir til sérsambanda út frá þeim.

Úthlutun til KSÍ var rædd en KSÍ fékk ekki úthlutun úr Afrekssjóði í desember en gert ráð fyrir að KSÍ fái úthlutun núna.

KSR var falið að vinna aðeins í útreikningum miðað við örlítið breyttar forsendur, s.s. að miða meira við árið 2025 en síðustu þrjú ár og að samræma betur útreikninga vegna stórmótapátttöku. Ákveðið var að funda aftur á sunnudag kl. 17.15 og reyna að ljúka málinu á mánudag.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18.16